

AUGLÝSING

um deiliskipulag II. áfanga Naustahverfis, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 19. apríl 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi II. áfanga Naustahverfis. II. áfanginn liggur vestan I. áfanga, sem er í byggingu, og afmarkast sá fyrrnefndi af golfvelli að vestan og af Tjarnarhól að norðan. Stærð skipulagssvæðisins er 19,9 ha og er í deiliskipulagi áfangans gert ráð fyrir alls 432 íbúðum í húsum af ýmsum gerðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

F. h. Akureyrarbæjar, 15. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.